



FJÖLMIÐLANEFND

13. ágúst 2026
Ákvörðun nr. 3/2026

Viðskiptaboð í FM95BLÖ á FM957

I. Málsvik

Fjölmiðlanefnd tók til skoðunar útlagsþættina FM95BLÖ á FM957 frá ágúst til október 2025. Varð nefndin þess vör við hlustun á þættina að í kringum þá og í þeim mátti finna ætluð viðskiptaboð fyrir nikótínvörur og áfengi en samkvæmt 1. málsl. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 (lög um fjölmiðla) eru slík viðskiptaboð óheimil. Með vísan til eftirlitshlutverks Fjölmiðlanefndar á grundvelli laga um fjölmiðla taldi nefndin tilefni til að senda Sýn hf. (Sýn), fjölmiðlaveitu FM957, erindi vegna ætlaðra brota gegn fyrrgreindu ákvæði en í þáttum FM95BLÖ mátti heyra eftirfarandi:

Þáttur 1. ágúst 2025

00:32:15 – *auglýsing*: „LOOP Zero 0,0.“

00:59:45 – *auglýsing*: „FM95BLÖ. Í samstarfi við Dineout og LOOP Zero.“

01:02:25 – *auglýsing*: „[Geitajarm]. Geitin í leiknum. LOOP Zero.“

Þáttur 8. ágúst 2025

01:03:46 – *auglýsing*: „FM95BLÖ. Í samstarfi við Dineout og LOOP Zero.“

01:09:24 – *auglýsing*: „LOOP Zero 0,0.“

02:00:58 – *auglýsing*: „[Geitajarm]. Geitin í leiknum. LOOP Zero.“

Þáttur 15. ágúst 2025

00:17:20 – *Þáttastjórnandi 1*: „Við þurfum að koma inn á það drengir að í Keiluhöllinni þessa helgina eru engin smá tilboð í gangi. Okkar besta fólk ætlar að bjóða **alla bjóra á krana á 500**. Það er bara einn rauður.“

Þáttastjórnandi 2: „Það er rosalegt.“



FJÖLMÍÐLANEFND

Þáttastjórnandi 3: „Það er ekkert eðlilega ódýrt.“

Þáttastjórnandi 1: „Já, yfir öllum leikjunum...“

Þáttastjórnandi 3: „**500 kall bjórinn á krana.**“

Þáttastjórnandi 1: „Það er gjöf en ekki gjald.“

Þáttastjórnandi 2: „Gæti verið með **ódýrasta bjórinn í Evrópu**. Þú færð ekki bjór á 500 kall á Tenerife.“

00:37:30 – *auglýsing*: „LOOP Zero 0,0.“

01:09:01 – *auglýsing*: „Á fimmtudag, 7 ára afmæli Dr. Football og Doc Live upphitun. Allir leikir sýndir, stærsti LED skjár landsins og 20 dælur. Já, og **kaldur á 500 kall alla helgina**. Keiluhöllin Egilshöll.“

01:15:26 – Þáttastjórnandi 1: „Talandi um góða pakka, þá er Keiluhöllin með enska boltann að sjálfsögðu alla helgina líka og þið **fáið bjórinn á 500 kr. þar. Allur bjór á krana yfir helgina á 500 kall**. Það er gjöf en ekki gjald.“

Þáttastjórnandi 3: „Það er rosalegt.“

Þáttastjórnandi 2: „Hvað ætli þú þurfir marga bjóra til að vera kominn á svona góðan stað og bara finn? Ég ætlaði bara að fara út og finna á mér og svona. Þetta er fyllerí kannski líka, örlítið.“

Þáttastjórnandi 1: „Ég myndi segja að þriðji bjórinn sé hættulegur. Þar breytist hann eða þar breytist þetta.“

Þáttastjórnandi 2: „Þannig að gefum okkur að þú myndir fara núna í Keiluhöllina og drekka sex bjóra. Þá værirðu alveg orðinn góður.“

Þáttastjórnandi 1: „Þá er ég orðinn alveg... þá er ég ekki tipsy, þá er ég orðinn alveg semi fullur.“

Þáttastjórnandi 2: „Já, þú sérð það og það myndi kosta þig 3000 kall.“

Þáttastjórnandi 1: „Það er ekki mikið.“

02:00:37 – Þáttastjórnandi 1: „Keiluhöllin, **allir bjórar á 500 kr. alla helgina** þannig að ekki missa af því.“

Þáttur 22. ágúst 2025

00:13:11 – Þáttastjórnandi 1: „Ef þið vitið ekki hvar þið ætlið að horfa á bikarúrslitin eða það er líka Chelsea – West Ham í kvöld...“

Þáttastjórnandi 4: „West Ham – Chelsea.“

Þáttastjórnandi 1: „West Ham – Chelsea, þá má ekki gleyma að núna um helgina er **Tuborg Classic á 500 kr.** á krana í Keiluhöllinni.“

Þáttastjórnandi 3: „Það er **ódýrasti bjór í heimi.**“



FJÖLMÍÐLANEFND

Þáttastjórnandi 1: „Já. Hálfur lítri af **Tuborg Classic 500 kall** í Keiluhöllinni.“

Þáttastjórnandi 4: „Alla helgina?“

Þáttastjórnandi 1: „Alla helgina.“

Þáttastjórnandi 3: „Það er bara 3 Evrur. Spánarverð á þessum bjór.“

00:32:04 – *auglýsing:* „[Geitajarm]. Geitin í leiknum. LOOP Zero.“

01:05:17 – *auglýsing:* „FM95BLÖ. Í samstarfi við Keiluhöllina og Pepsi Max.“

Þáttastjórnandi 1: „Hárrétt, það eru Pepsi Max og Keiluhöllin sem færa ykkur FM95BLÖ hér á FM957 og talandi um Keiluhöllina þá komum við inn á það í byrjun að það er **Tuborg Classic á 500 kr.** alla helgina, alla leikina.“

01:05:47 – Þáttastjórnandi 1: „Svo er það líka LOOP Zero sem færir ykkur FM95BLÖ og ef þið eruð að leita að **LOOP Zero, sem er nikótínfrítt**, þá getið þið pantað það inni á **Bagg.is** hjá okkar besta Huga Halldórs.“

Þáttastjórnandi 4: „Það er alvöru þjónusta maður.“

Þáttastjórnandi 1: „Já, þar er þjónusta í gangi þannig að tékkiði á því inni á **Bagg.is**.“

Þáttur 29. ágúst 2025

00:56:52 – *auglýsing:* „LOOP Zero 0,0.“

01:11:28 – *auglýsing:* „[Geitajarm]. Geitin í leiknum. LOOP Zero.“

01:12:13 – *auglýsing:* „FM95BLÖ. Í samstarfi við Dineout og LOOP Zero.“

Þáttur 5. september 2025

00:32:50 – *auglýsing:* „LOOP Zero 0,0.“

01:02:59 – *auglýsing:* „FM95BLÖ. Í samstarfi við Dineout og LOOP Zero.“

01:27:41 – *auglýsing:* „FM95BLÖ. Í samstarfi við Dineout og LOOP Zero.“

Þáttastjórnandi 1: „Hárrétt, það eru LOOP Zero og Dineout sem færa ykkur FM95BLÖ hér á FM957. Og talandi um LOOP Zero, það er hægt að panta það í gegnum **Bagg.is** hjá okkar besta Huga. Hugi entrepreneur, þá færðu bara heimsendingu og afslátt og **dósirnar** koma bara beint heim til þín.“

Þáttastjórnandi 2: „Hann er bara að bjóða upp á áskrift þannig að þú þarft ekki að gera neitt. Færð þetta bara heim.“

Þáttastjórnandi 1: „Helvíti þægilegt.“

01:51:17 – *auglýsing:* „FM95BLÖ. Í samstarfi við Dineout og LOOP Zero.“



FJÖLMIÐLANEFND

Þáttur 19. september 2025

00:32:39 – *auglýsing*: „LOOP Zero 0,0.“

00:59:41 – *auglýsing*: „FM95BLÖ. Í samstarfi við Dineout og LOOP Zero.“

01:00:24 – *auglýsing*: „LOOP Zero 0,0.“

01:32:28 – *auglýsing*: „LOOP Zero 0,0.“ og „FM95BLÖ. Í samstarfi við Dineout og LOOP Zero.“

01:58:43 – *auglýsing*: „FM95BLÖ. Í samstarfi við Dineout og LOOP Zero.“

Þáttur 3. október 2025

00:39:03 – *auglýsing*: „LOOP Zero 0,0.“

00:51:12 – *auglýsing*: „FM95BLÖ. Í samstarfi við Dineout og LOOP Zero.“

01:38:13 – *auglýsing*: „FM95BLÖ. Í samstarfi við Dineout og LOOP Zero.“

Þáttastjórnandi 1: „Hárrétt, það eru Dineout og LOOP Zero sem færa ykkur FM95BLÖ hér á FM957.“

01:38:38 - *Þáttastjórnandi 1*: „Enski boltinn, Liverpool – Chelsea, tryggið ykkur borð hjá Keiluhöllinni. Fáid ykkur eina Max þar og pantið svo út að borða með Dineout. **Og einn LOOP Zero í kjaftinn, þá eru allir ferskir.**“

01:59:01 – *auglýsing*: „[Geitajarm]. Geitin í leiknum. LOOP Zero.“

Þáttur 31. október 2025

00:46:26 – *auglýsing*: „[Geitajarm]. Geitin í leiknum. LOOP Zero.“

01:20:07 – *auglýsing*: „[Geitajarm]. Geitin í leiknum. LOOP Zero.“

01:22:35 – *auglýsing*: „FM95BLÖ. Í samstarfi við Dineout og LOOP Zero.“

01:56:40 – *auglýsing*: „[Geitajarm]. Geitin í leiknum. LOOP Zero.“

02:01:33 – *auglýsing*: „LOOP Zero 0,0.“

II. Málsmeðferð og sjónarmið málsaðila

1.

Með erindi dags. 13. febrúar 2026 óskaði Fjölmiðlanefnd eftir sjónarmiðum Sýnar vegna ætlaðra viðskiptaboða fyrir áfengi og nikótínvörur í þáttunum FM95BLÖ á FM957. Kom fram að umrædd viðskiptaboð hafi varðað nikótínvörur frá LOOP og áfengistegundirnar Tuborg og Gull og voru dæmi tekin um hvernig þau höfðu birst í og í kringum FM95BLÖ. Óskaði Fjölmiðlanefnd eftir



FJÖLMIÐLANEFND

sjónarmiðum Sýnar vegna ætlaðra viðskiptaboða fyrir nikótínvörur og áfengi í FM95BLÖ á FM957 og brota gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um hvaða fyrirtæki greiddu fyrir viðskiptaboð sem birtust í tengslum við FM95BLÖ. Var þess óskað að svör Sýnar myndu berast eigi síðar en 27. febrúar 2026.

2.

Svarerindi Sýnar barst 27. febrúar 2026. Í því kom fram að eftirtalin fyrirtæki greiddu fyrir viðskiptaboð í tengslum við þættina FM95BLÖ:

- Dufland ehf. (fyrir vörumerkið LOOP)
- Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. (Ölgerðin, einungis fyrir vörumerkið Pepsi Max)
- DineOut ehf.
- Keiluhöllin (Leikdagur ehf.)

Varðandi ætluð viðskiptaboð fyrir nikótínvörur tók Sýn fram að umfjöllun og kostun í þáttunum varðaði eingöngu vöruna LOOP Zero sem væri nikótínlaus. Markaðssetning hennar væri lögmæt þar sem nikótínlausar vörur féllu ekki undir bannákvæði laga um fjölmiðla. Hvað varðaði ætluð viðskiptaboð fyrir áfengistegundirnar Tuborg og Gull vísaði Sýn til þess að ekki væri um að ræða viðskiptaboð í skilningi laga um fjölmiðla. Engin greiðsla eða annað endurgjald hefði komið fyrir þá umfjöllun sem væri vísað til í erindi Fjölmiðlanefndar og því væru ekki uppfyllt skilyrði hugtaksins viðskiptaboð eins og þau væru skilgreind í 47. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla. Umræða þáttastjórnenda um tiltekna áfengistegundir og verðlagningu þeirra hafi farið fram í eðlilegu ritstjórnarlegu samhengi og í almennu spjalli um vöru sem væri lögleg á Íslandi. Tók Sýn skýrt fram að Ölgerðin, sem framleiðir áfengistegundirnar Tuborg og Gull, kostaði FM95BLÖ einungis undir merkjum Pepsi Max. Engin „krosssala“ eða dulin viðskiptaboð ættu sér stað varðandi áfengistegundir Ölgerðarinnar. Að mati Sýnar hefði verið um að ræða umfjöllun sem teldist til ritstjórnarefnis samkvæmt 40. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla en ekki ólögð mætra viðskiptaboða samkvæmt 4. mgr. 37. gr. sömu laga.

3.

Svör Sýnar voru lögð fyrir Fjölmiðlanefnd á fundi hennar þann 6. mars 2026. Var samþykkt að gefa út frummat í málinu vegna ætlaðra brota Sýnar. Var frummat Fjölmiðlanefndar sent Sýn þann



FJÖLMIÐLANEFND

30. apríl 2026 en í því fór nefndin yfir helstu málsatvik og lagasjónarmið sem máli skiptu við mat á því hvort Sýn hefði brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við miðlun viðskiptaboða fyrir nikótínvörur og áfengi og 3. mgr. 42. gr. og 6. mgr. 42. gr. sömu laga um kostun hljóð- og myndefnis vegna FM95BLÖ á FM957. Kom fram það frummat nefndarinnar að viðskiptaboð frá Duflandi ehf. í tengslum við þætti FM95BLÖ á FM957 teldust til viðskiptaboða fyrir nikótínvörur og að með miðlun þeirra hafi Sýn gerst brotlegt við 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Einnig hafi Sýn brotið gegn 6. mgr. 42. gr. sömu laga með því að afla kostunar frá Duflandi ehf. vegna þáttanna en fyrirtækið hefur að aðalstarfsemi sölu eða framleiðslu á tóbaksvörum, nikótínvörum, rafretum eða áfyllingum. Jafnframt kom fram það frummat Fjölmiðlanefndar að Sýn hefði brotið gegn 3. mgr. 42. gr. um kostun hljóð- og myndefnis með miðlun kostaðs efnis þar sem vörur kostenda voru auglýstar sérstaklega, þ.e. Tuborg Classic og LOOP, og að með því hefði Sýn einnig gerst brotlegt við 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi. Fram kom að með frummatinu vildi Fjölmiðlanefnd veita Sýn færi á því að koma á framfæri frekari sjónarmiðum sem kynnu að skipta máli við mat á því hvort brotið hefði verið gegn fyrrgreindum ákvæðum. Bent var á í frummatinu að niðurstaða Fjölmiðlanefndar fæli ekki í sér endanlega afstöðu hennar. Þær ályktanir sem settar væru fram kynnu að breytast ef athugasemdir og skýringar Sýnar gæfu tilefni til þess. Var þess óskað að athugasemdir og sjónarmið Sýnar bærust nefndinni eigi síðar en 14. maí 2026.

4.

Svör Sýnar við frummati Fjölmiðlanefndar bárust þann 14. maí 2026. Í þeim gerði Sýn athugasemdir við frummat nefndarinnar m.a. hvað varðaði málsmeðferð og efnislegt mat. Að mati Sýnar byggði frummatið að hluta á ófullnægjandi rannsókn, óskýrum forsendum um eðli viðskiptaboða og of rúmri túlkun íþyngjandi bannreglna. Jafnframt gerði Sýn athugasemdir við forgangsörðun og framkvæmd eftirlits nefndarinnar með fjölmiðlaveitum.

Varðandi viðskiptaboð í tengslum við þættina FM95BLÖ þá ítrekaði Sýn fyrri sjónarmið sín um að LOOP Zero væri nikótínlaus vara og bannákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla næði því ekki til vörunnar án skýrrar lagaheimildar. Varan væri auðkennd sem „Zero“ og „0,0“ og af hálfu Sýnar væri gengið út frá því að um nikótínlausu vöru væri að ræða. Ákvæði 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla tæki ekki berum orðum til nikótínlausra vara sem beri vörumerki sem einnig kunna að vera notuð á aðrar vörur. Um lögmæta vöru væri að ræða og bann við viðskiptaboðum fyrir slíka vöru fæli í sér íþyngjandi túlkun á mörkum lögmætrar kynningar og óheimilla viðskiptaboða sem þyrfti að styðjast við skýra lagaheimild.



FJÖLMIÐLANEFND

Varðandi ætluð brot gegn 6. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla lægi að mati Sýnar ekki fyrir fullnægjandi rannsókn á því að Dufland ehf. hefði að aðalstarfsemi sölu eða framleiðslu á tóbaksvörum, nikótínvörum, rafretum eða áfyllingum. Sýn hefði farið yfir opinbert vöruúrval Duflands ehf. og teldi verulegan hluta vöruúrvals félagsins falla utan tóbaks-, nikótín-, rafretu- og áfyllingarvara. Gögn af vefsíðu fyrirtækisins sýndu að um helmingur vöruúrvalsins tilheyri öðrum vöruflokkum en vísað væri til í 6. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla. Að mati Sýnar fælist í „aðalstarfsemi“ að sala eða framleiðsla viðkomandi vöruflokka væri meginstarfsemi fyrirtækisins fremur en ein af fleiri sjálfstæðum og verulegum rekstrargreinum. Dufland ehf. væri skráð sem umboðsverslun með aðra matvöru, drykkjarvöru og tóbak og tilgangur félagsins samkvæmt 2. gr. samþykkt þess væri „heildsölu- og umboðsfyrirtæki með matvöru, snyrtivörur, áfengi, nikótínvörur og tóbak“. Við mat á „aðalstarfsemi“ væri ekki nægilegt að líta til þess hvaða vörumerki fyrirtækisins væri þekktast. Slíkt mat þyrfti að byggja á gögnum, svo sem skráningu og tilgangi starfseminnar samkvæmt samþykktum upplýsingum um tekjuskiptingu, veltu eftir vöruflokkum, innflutnings- eða sölumagni, eða öðrum sambærilegum gögnum sem sýndi raunverulega meginstarfsemi Duflands ehf. Þar sem slíkar upplýsingar lægju ekki fyrir í frummati Fjölmiðlanefndar væri málið ekki upplýst að því leyti, sbr. 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 (stjórnsýslulög). Jafnframt benti Sýn á að 6. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla væri íþyngjandi bannregla sem gæti leitt til stjórnvaldssekta. Af því leiddi að ákvæðið yrði að skýra með hliðsjón af lögmætisreglu, meðalhófi og kröfum um skýrleika refsikenndra viðurlaga. Ef vafi væri uppi um hver væri „aðalstarfsemi“ fyrirtækis yrði ekki byggt á rúmri túlkun við álagningu stjórnvaldssekta heldur yrði að túlka allan vafa lögaðilanum í hag. Óskaði Sýn sérstaklega eftir því hvaða gögn nefndin studdist við og lægju til grundvallar þeirri ályktun að sala eða framleiðsla þeirra vara sem taldar væru upp í 6. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla væru aðalstarfsemi Duflands ehf. Lægju slík gögn ekki fyrir teldi Sýn ekki unnt að byggja íþyngjandi niðurstöðu á þeirri forsendu.

Í svarerindi Sýnar kom fram varðandi Tuborg Classic að ágreiningurinn lyti að því hvort ummæli þáttastjórnenda teldust yfirhöfuð viðskiptaboð eða auglýsing í lagalegum skilningi eða hvort þau féllu undir ritstjórnarlegt frelsi dagskrárgerðarmanna og almennt samtal í dægurmálþætti. Bannákvæði laga um fjölmiðla um viðskiptaboð fyrir áfengi yrðu ekki skýrð svo rúmt að þau næðu til hvers kyns jákvæðrar, óformlegrar eða hvatvísrar umræðu dagskrárgerðarmanna um áfengi eingöngu vegna þess að vara væri nefnd með nafni eða rætt um verð hennar. Ef öll óformleg umræða um áfengistegundir í dagskrá, án sérstakrar sönnunar um endurgjald eða ásetning til markaðssetningar, væri felld undir bann við viðskiptaboðum, yrði mörkum ritstjórnarefnis og auglýsinga raskað með ófyrirsjáanlegum hætti að mati Sýnar. Í dómum þar sem áfengisauklýsingar hefðu verið taldar ólögmætar hefði almennt legið fyrir skýrara auglýsingasamhengi en væri til staðar í þessu máli eða markaðsleg framsetning eða tenging við birtingu auglýsinga. Ölgerðin eða



FJÖLMIÐLANEFND

Keiluhöllin hefði ekki greitt fyrir þau tilteknu ummæli sem Fjölmiðlanefnd teldi ólögmæt. Sýn hefði ekki skuldbundið sig gagnvart þessum aðilum til að fjalla um Tuborg Classic. Þá hefði slík umfjöllun ekki verið hluti af kostunarsamningi. Það að fyrirtæki, sem jafnframt framleiddi eða seldi tilteknar áfengistegundir, keypti viðskiptaboð fyrir vöru leiddi ekki sjálfkrafa til þess að öll óformleg umræða í þætti um aðrar vörur sama fyrirtækis teldist keypt, dulin eða óheimil viðskiptaboð. Slík niðurstaða krefðist að mati Sýnar sérstakrar og hlutlægrar sönnunar um tengsl milli endurgjalds og umfjöllunar. Að öðrum kosti væri hætta á að dagskrárgerðarmenn þyrftu að forðast alla sjálfsprottna umræðu um löglegar vörur af ótta við að hún yrði síðar túlkuð sem ólögmæt markaðssetning vegna almennra viðskiptatengsla fjölmiðilsins. Mótmælti Sýn því að stjórnsýsluviðurlög yrðu reist á ályktun Fjölmiðlanefndar um slíka óbeina tengingu án þess að fyrir lægju gögn um greiðslu, samningsskuldbindingu, fyrirmæli kostanda, handrit, samþykkt kynningarefni eða önnur gögn sem sýndu að umfjöllunin hefði verið liður í markaðssetningu. Að mati Sýnar væri slík rýmkun bannákvæða ósamrýmanleg þeim kröfum sem gera yrði til fyrir sjáanleika, meðalhófs og skýrrar lagaheimildar þegar stjórnvöld takmörkuðu tjáningarfrelsi fjölmiðla. Jafnframt benti Sýn á að umfjöllun um verðlagningu löglegrar vöru, þar á meðal bjórs, gæti eftir atvikum átt erindi í almennt samtal, sérstaklega þegar hún tengdist neytendaupplýsingum, verðvitund eða samanburði á kostnaði. Slík umfjöllun yrði ekki sjálfkrafa talin viðskiptaboð nema sýnt væri fram á að hún hefði verið sett fram gegn endurgjaldi eða í þágu auglýsingamarkmiða Sýnar eða kostanda. Að mati Sýnar hlyti þröskuldurinn fyrir slíkri niðurstöðu að vera hár þegar afleiðingin væri að frjáls tjáning dagskrárgerðarmanna væri felld undir íþyngjandi bannákvæði og möguleg stjórnsýsluviðurlög. Sýn teldi ekki nægjanlegt að vísa til þess að tiltekin fyrirtæki hefðu verið kostendur þáttarins og draga af því þá ályktun að greitt hefði verið fyrir alla jákvæða eða hvatvísa umfjöllun um vörur tengdar þeim fyrirtækjum eða að sú umfjöllun væri ætluð til markaðssetningar.

Í svarerindi Sýnar kom fram að teldi Fjölmiðlanefnd tilefni til athugasemda við framsetningu umfjöllunar í FM95BLÖ þá bæri nefndinni að meta hvort vægari úrræði en stjórnvaldssekt eða önnur íþyngjandi niðurstaða væri fullnægjandi, sbr. meðalhófsreglu stjórnsýslulaga. Við það mat skipti máli að um væri að ræða dægurmála- og afþreyingarþátt í beinni útsendingu, að LOOP Zero væri kynnt sem nikótínlaus vara, að ekki lægju fyrir gögn um að greiðsla hefði komið fyrir tiltekna umfjöllun um Tuborg Classic og að Sýn hefði veitt nefndinni upplýsingar og skýringar í góðri trú. Að mati Sýnar væri eðlilegt og hóflegt úrræði að veita leiðbeiningar eða eftir atvikum ljúka málinu með álit fremur en að beita stjórnvaldssektum. Framangreind álitaefni væru a.m.k. þess eðlis að verulegur vafi gæti verið uppi um mörk lögmætrar kostunar, ritstjórnarefnis og óheimilla viðskiptaboða, til að mynda þegar um væri að ræða nikótínlausa vöru sem bæri vörumerki sem kynni jafnframt að tengjast öðrum vöruflokkum. Að mati Sýnar yrði við þær aðstæður að gera



FJÖLMIÐLANEFND

ríkari kröfur til þess að eftirlitsstjórnvald leiðbeindi fjölmiðlaveitum um framkvæmd reglna áður en það gripi til íþyngjandi viðurlaga. Sýn teldi að það hefði verulega þýðingu við mat á meðalhófi og hvort málinu yrði fremur lokið með leiðbeiningum eða álit.

Varðandi tjáningarfrelsi og atvinnufrelsi kom fram í svarerindi Sýnar að skýra yrði takmarkanir á því í samræmi við lögmætisreglu, meðalhóf og skýrleika lagaheimilda. Þegar vafi léki á því hvort um væri að ræða ritstjórnarefni eða viðskiptaboð, eða hvort vara félli undir bannákvæði þrátt fyrir að vera nikótínlaus, bæri að varast að skýra bannreglur rúmt með þeim hætti að lögmæt umfjöllun eða lögmæt viðskiptaboð yrðu felld undir viðurlagaákvæði án skýrrar lagaheimildar. Hygðist stjórnvald beita stjórnvaldssektum yrði að túlka efnisreglur og viðurlagaheimildir með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem giltu um skýrleika refsheimilda, fyrirsjáanleika og bann við rúmri lögskýringu borgaranum eða lögaðila í óhag. Fjölmiðlanefnd gæti ekki byggt sektarákvörðun á rúmri eða matskenndri útvíkkun bannákvæða laga um fjölmiðla. Ef vafi léki á því hvort nikótínlaus vara félli undir bann við viðskiptaboðum fyrir nikótínvörur, hvort kostandi hefði „að aðalstarfsemi“ sölu þeirra vara sem taldar væru upp í 6. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla eða hvort óformleg umfjöllun þáttastjórnenda teldist til viðskiptaboða fyrir áfengi bæri að túlka þann vafa Sýn í hag.

Með vísan til framangreinds kom fram að lokum í svarerindi Sýnar að fjölmiðlaveitan teldi lagaskilyrði ekki vera fyrir hendi til að komast að þeirri niðurstöðu að brotið hefði verið gegn 4. mgr. 37. gr. eða 3. eða 6. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla. Málið væri ekki nægilega upplýst, byggði á of rúmri túlkun íþyngjandi bannákvæða og ekki lægi fyrir fullnægjandi grundvöllur til beitingar refsikenndra stjórnsýsluviðurlaga að mati Sýnar. Fór fjölmiðlaveitan fram á að Fjölmiðlanefnd lyki málinu án athugasemda en til vara að málinu yrði lokið með álit án sektar. Slík niðurstaða væri að mati Sýnar í betra samræmi við meðalhófsreglu stjórnsýslulaga, enda varðaði málið álitæfni um mörk ritstjórnarefnis, kostunar og viðskiptaboða, þar sem hvorki lægju fyrir skýr gögn um endurgjald fyrir umfjöllun um Tuborg Classic né fullnægjandi rannsókn á aðalstarfsemi Duflands ehf. Teldi nefndin, þrátt fyrir framangreint, að til greina kæmi að ljúka málinu með íþyngjandi ákvörðun áskildi Sýn sér rétt til að tjá sig sérstaklega um öll ný gögn, sjónarmið eða forsendur sem nefndin hygðist byggja á áður en endanleg ákvörðun yrði tekin.



FJÖLMIÐLANEFND

5.

Svarerindi Sýnar við frummati Fjölmiðlanefndar var lagt fyrir á fundi nefndarinnar þann 18. maí 2026. Var samþykkt að gera nokkrar breytingar á niðurstöðu nefndarinnar í ljósi svara Sýnar. Hins vegar breyttu svörin ekki því mati nefndarinnar að fjölmiðlaveitan hefði brotið gegn 6. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla með því að afla kostunar frá Duflandi ehf. vegna þáttanna FM95BLÖ, en fyrirtækið hefur að aðalstarfsemi sölu eða framleiðslu á tóbaksvörum, nikótínvörum, rafretum eða áfyllingum. Jafnframt hefði Sýn brotið gegn 3. mgr. 42. gr. sömu laga um kostun hljóð- og myndefnis með miðlun kostaðs efnis þar sem vörur kostenda voru auglýstar sérstaklega, þ.e. Tuborg Classic og LOOP Zero. Með því hefði Sýn einnig gerst brotlegt við 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi með því að auglýsa áfengistegundina Tuborg Classic. Var því samþykkt að gefa út ákvörðun í málinu.

III. Niðurstaða Fjölmiðlanefndar

1.

Hugtakið viðskiptaboð er skilgreint í 47. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla. Þar segir að viðskiptaboð séu texti, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning. Með öðru endurgjaldi er t.d. átt við það þegar greitt er fyrir viðskiptaboð með vörunni sjálfri eða þjónustu.

Í 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla er að finna ákvæði um bann við miðlun tiltekinna viðskiptaboða í fjölmiðlum. Þar segir m.a. í 1. málsl. að viðskiptaboð fyrir áfengi séu óheimil. Þá eru gerðar þær kröfur í 3. málsl. 4. mgr. 37. gr. laganna að fullyrðingar sem fram komi í viðskiptaboðum fyrir óáfengar drykkjarvörur þurfi að vera hægt að færa sönnur á. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla segir að markmið reglu 4. mgr. 37. gr. sé meðal annars að vernda neytendur og takmarka neyslu á áfengi. Þannig sé tilgangur ákvæðisins öðru fremur að stuðla að bættu heilsufari almennings. Þá kemur einnig fram í greinargerðinni að ákvæði 3. málsl. 4. mgr. 37. gr. sé sett fram til að taka af öll tvímæli um að þær óáfengu drykkjarvörur sem verið er að auglýsa séu sannanlega á markaði fyrir neytendur. Einungis sé heimilt að auglýsa drykki sem hafi 2,25% áfengisinnihald eða minna.



FJÖLMIÐLANEFND

Í 27. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla segir að með kostun sé átt við hljóð- og myndsendingu í viðskiptaskyni sem taki til hvers konar framlaga opinbers fyrirtækis, einkafyrirtækis eða einstaklinga til fjármögnunar einstakra dagskrárliða, mynddeilipjónustu eða notendaframleidds efnis með það fyrir augum að vekja athygli á heiti viðkomandi, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum enda fáið viðkomandi ekki við hljóð- og myndmiðlun, mynddeilipjónustu eða framleiðslu slíks efnis.

Samkvæmt 6. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla er fyrirtæki sem hefur að aðalstarfsemi sölu eða framleiðslu á tóbaksvörum, nikótínvörum, rafrettum eða áfyllingum óheimilt að kosta dagskrárliði eða aðra fjölmiðlapjónustu. Í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 27/2024 um breytingu á lögum um fjölmiðla (EES-reglur, hljóð- og myndmiðlun o.fl.) segir að með því sé ætlunin að koma í veg fyrir óbeinar auglýsingar á tóbaksvörum, nikótínvörum, rafrettum eða áfyllingum á þeim.

Í 3. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla segir að kostað efni megi ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostanda eða annars aðila, t.d. með því að auglýsa slíka vöru eða þjónustu sérstaklega. Kostun felur því eingöngu í sér að fyrirtæki eða einstaklingur fjármagnar einstaka dagskrárliði í hljóð- og myndmiðlum með það fyrir augum að vekja athygli á heiti viðkomandi, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum án þess að hafa áhrif á innihald, efnistöð eða tímasetningu eða raska ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði fjölmiðlaveitunnar, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla og athugasemdir við 42. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla.

2.

Í erindi Fjölmiðlanefndar til Sýnar þann 13. febrúar 2026 kom fram að ætluð brot vörðuðu viðskiptaboð fyrir nikótínvörur frá LOOP og áfengistegundirnar Tuborg og Gull í FM95BLÖ á FM957 frá ágúst til október 2025. Í svarerindi Sýnar þann 27. febrúar 2026 kom fram að fyrirtækin Dufland ehf. (fyrir vörumerkið LOOP), Ölgerðin (einungis fyrir vörumerkið Pepsi Max), DineOut ehf. og Keiluhöllin (Leikdagur ehf.) greiddu fyrir auglýsingar og kostun í tengslum við FM95BLÖ. Tók Sýn fram varðandi ætluð viðskiptaboð fyrir nikótínvörur að umfjöllun og kostun í þáttunum varðaði eingöngu vöruna LOOP Zero sem væri nikótínlaus.



FJÖLMIÐLANEFND

3.

Í þáttum FM95BLÖ sem Fjölmiðlanefnd athugaði mátti heyra þáttastjórnendur ræða áfengistegundina Tuborg Classic sín á milli. Ekki kom fram að um óáfenga útgáfu vörunnar væri að ræða. Tuborg Classic er framleiddur af Ölgerðinni, sem kostar FM95BLÖ. Annar kostandi þáttarins, Keiluhöllin (Leikdagur ehf.), selur og býður sérstök tilboð á Tuborg Classic, sbr. umræðu í þáttunum.

Í þætti FM95BLÖ þann 22. ágúst 2025 kom fram af hálfu þáttastjórnenda að það væru tilboð á Tuborg Classic í Keiluhöllinni þá helgi. Kom fram verðið á bjórnum, hversu mikið magn fengist af honum fyrir það verð og því velt upp að líklega væri um „óðýrasta bjór í heimi“ að ræða. Síðar í sama þætti kom aftur fram á hvaða verði Tuborg Classic yrði um helgina í Keiluhöllinni í samhengi við að Keiluhöllin væru einn kostenda þáttarins. Auk fyrrgreinds var sérstaklega rætt um hvað bjór kostaði í Keiluhöllinni í þætti FM95BLÖ í vikunni á undan, þ.e. 15. ágúst 2025. Kom fram að „engin smá tilboð“ væri í gangi í Keiluhöllinni þá helgi og boðið yrði upp á „alla bjóra á krana á 500“. Á þetta tilboð var minnst nokkrum sinnum í þættinum þó án þess að tiltaka hvaða bjór væri átt við.

Í svarerindi Sýnar þann 27. febrúar 2026 kom fram varðandi viðskiptaboð fyrir áfengistegundina Tuborg að ekki væri um ræða viðskiptaboð í skilningi laga um fjölmiðla. Engin greiðsla eða annað endurgjald hefði komið fyrir þá umfjöllun sem væri vísað til og því væru ekki uppfyllt skilyrði hugtaksins viðskiptaboð eins og þau væru skilgreind í 47. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla. Umræða þáttastjórnenda um tiltekna áfengistegundir og verðlagningu þeirra hefði farið fram í eðlilegu ritstjórnarlegu samhengi og í almennu spjalli um vöru sem væri lögleg á Íslandi. Tók Sýn skýrt fram að Ölgerðin, sem framleiddi áfengistegundina Tuborg Classic, kostaði FM95BLÖ einungis undir merkjum Pepsi Max. Engin „krosssala“ eða dulin viðskiptaboð ættu sér stað varðandi áfengistegundir Ölgerðarinnar. Að mati Sýnar hefði verið um að ræða umfjöllun sem teldist til ritstjórnarefnis samkvæmt 40. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla en ekki ólögmæt viðskiptaboð samkvæmt 37. gr. sömu laga. Sýn ítrekaði sjónarmið sín í svarerindi sínu þann 14. maí 2026 í kjölfar frummats Fjölmiðlanefndar. Ölgerðin eða Keiluhöllin hefði ekki greitt fyrir þau tilteknu ummæli sem Fjölmiðlanefnd teldi ólögmæt. Sýn hefði ekki skuldbundið sig gagnvart þessum aðilum til að fjalla um Tuborg Classic. Þá hefði slík umfjöllun ekki verið hluti af kostunarsamningi. Það að fyrirtæki, sem jafnframt framleiddi eða seldi tiltekna áfengistegundir, keypti viðskiptaboð fyrir vöru leiddi ekki sjálfkrafa til þess að öll óformleg umræða í þætti um aðrar vörur sama fyrirtækis teldist keypt, dulin eða óheimil viðskiptaboð. Slík niðurstaða krefðist að mati Sýnar sérstakrar og hlutlægrar sönnunar um tengsl milli endurgjalds og umfjöllunar.



FJÖLMIÐLANEFND

Fjölmiðlanefnd getur ekki tekið undir fyrrgreind sjónarmið Sýnar. Í málinu ber að líta til þess að samkvæmt reglum laga um fjölmiðla um kostun má innihald kostað efnis ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostanda eða annars aðila, t.d. með því að auglýsa slíka vöru eða þjónustu sérstaklega, sbr. 3. mgr. 42. gr. laganna. Kostun felur eingöngu í sér að fyrirtæki eða einstaklingur fjármagnar einstaka dagskrárliði í hljóð- og myndmiðlum með það fyrir augum að vekja athygli á heiti viðkomandi, vörumerki, ímynd, starfsemi eða vörum án þess að hafa áhrif á innihald, efnistöð eða tímasetningu eða raska ábyrgð og ritstjórnarlegu sjálfstæði fjölmiðlaveitunnar, sbr. 1. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla og athugasemdir við 42. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum um fjölmiðla.¹ Í fyrrgreindum þáttum FM95BLÖ er sérstök athygli vakin á áfengistegundinni Tuborg Classic en framleiðandi vörunnar, Ölgerðin, er einn kostenda FM95BLÖ. Auk þess er sérstaklega greint frá því að Tuborg Classic sé á tilboði í Keiluhöllinni, sem er annar kostandi þáttarins, og hlustendur ítrekað minntir á hvað bjórinn kostar og hversu ódýr hann er. Eru hlustendur með þessu hvattir til að kaupa umrædda áfengistegund að mati Fjölmiðlanefndar. Með því að vekja sérstaka athygli á vörum eða þjónustu kostanda FM95BLÖ telur Fjölmiðlanefnd kostunina ekki í samræmi við 3. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla, óháð því hvort orðalag í kostunarsamningi segi til um að kostun fyrirtækis sé aðeins fyrir tiltekna vörur eða þjónustu en samkvæmt Sýn kostaði Ölgerðin FM95BLÖ einungis undir merkjum Pepsi Max. Slíkt orðalag leiðir ekki til þess að heimilt sé að vekja sérstaka athygli á öðrum vörum eða þjónustu viðkomandi fyrirtækis með þeim hætti sem gert var þvert á þær reglur sem gilda um kostun sem áður hafa verið raktar. Fjölmiðlaveita þarf sérstaklega að gæta að því að kostað efni sé í samræmi við ákvæði laga um fjölmiðla.

Þar sem um áfenga vörutegund er að ræða sem er auglýst sérstaklega er jafnframt um að ræða viðskiptaboð fyrir áfengi að mati Fjölmiðlanefndar en slík viðskiptaboð eru óheimil, sbr. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla. Með viðskiptaboðum er átt við texta, myndir og/eða hljóð sem er ætlað að vekja, beint eða óbeint, athygli á vörum, þjónustu eða ímynd lögaðila eða einstaklings sem stundar atvinnustarfsemi og er miðlað gegn greiðslu eða öðru endurgjaldi eða til kynningar í eigin þágu, sbr. 47. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla. Til viðskiptaboða teljast m.a. auglýsingar, kostun og vöruinnsetning. Samkvæmt 2. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla er auglýsing viðskiptaboð sem í felst hvers konar tilkynning sem er miðlað gegn endurgjaldi eða í þágu fjölmiðlaveitu og felur í sér kynningu á ímynd, vöru eða þjónustu. Fyrir liggur að Ölgerðin og Keiluhöllin kosta þættina FM95BLÖ og taka því þátt í fjármögnun dagskrárliðarins, sbr. 27. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla um skilgreiningu hugtaksins kostun. Skilyrðið um endurgjald telst því uppfyllt að mati Fjölmiðlanefndar þar sem að Ölgerðin og Keiluhöllin koma að fjármögnun FM95BLÖ. Í þáttunum

¹ Í [leiðbeiningum Fjölmiðlanefndar](#) fyrir fjölmiðla um bann við duldu viðskiptaboðum og kostun og vöruinnsetningu í hljóð- og myndefni frá árinu 2021 er sérstaklega fjallað um þær reglur sem gilda um kostun (bls. 8-15).



FJÖLMÍÐLANEFND

er síðan sérstök athygli vakin á áfengistegundinni Tuborg Classic, sem Ölgerðin framleiðir og Keiluhöllin selur, greint frá því að bjórin sé á tilboði, hvað hann kostar ásamt því að fjalla um hversu ódýr hann sé. Ekki kom fram að um óáfenga útgáfu vörunnar væri að ræða. Er það mat nefndarinnar að umfjöllun um Tuborg Classic í FM95BLÖ hafi verið til þess fallin að þjóna auglýsingamarkmiðum og teljist til viðskiptaboða fyrir áfengi en slík viðskiptaboð eru óheimil, sbr. 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.

4.

Fram hefur komið af hálfu Sýnar að Dufland ehf. kosti þættina FM95BLÖ og birtast kostunartilkynningar í kringum þættina fyrir „LOOP Zero“ og „LOOP Zero 0,0“ sem Dufland ehf. flytur inn og selur. LOOP er þekkt nikótínþúðavörumerki og er framleiðandi þess að meginstefnu til framleiðandi þúða sem innihalda nikótín þó vörur undir merkjum „LOOP Zero“ séu án nikótíns. Samkvæmt 6. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla er fyrirtæki sem hefur að aðalstarfsemi sölu eða framleiðslu á tóbaksvörum, nikótínvörum, rafrettum eða áfyllingum óheimilt að kosta dagskrárliði eða aðra fjölmiðlapjónustu. Samkvæmt ÍSAT atvinnugreinaflokkun í fyrirtækjaskrá Skattsins² er Dufland ehf. „umboðsverslun með aðra matvöru, drykkjarvöru og tóbak“, „blönduð heildverslun með matvæli, drykkjarvöru og tóbak“ og „blönduð heildverslun“. Samkvæmt framkvæmdastjóra og rekstrarstjóra Duflands ehf. er fyrirtækið innflutnings- og dreifingaraðili á Íslandi fyrir fjölda nikótínþúða- og rafrettuvörumerkja og hefur sérhæft sig í innflutningi og dreifingu á nikótínþúðum.³ Samkvæmt vef fyrirtækisins fellur helmingur þeirra vörumerkja sem fyrirtækið selur undir það að vera nikótínvörur eða rafrettur. Aðrar vörur eru áfengi og fæðubótarefni.⁴ Tveir stærstu vöruflokkar fyrirtækisins eru annars vegar nikótínþúðar og hins vegar rafrettur.⁵ Með vísan til framangreinds er það mat Fjölmíðlanefndar að aðalstarfsemi Duflands ehf. teljist sala á nikótínvörum og rafrettum og þar með sé fyrirtækinu óheimilt að kosta þættina FM95BLÖ á FM957, sbr. 6. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla. Þar að auki var kostunin ekki í samræmi við 3. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla um að kostað efni megi ekki fela í sér hvatningu til kaupa eða leigu á vörum eða þjónustu kostanda eða annars aðila, t.d. með því að auglýsa slíka vöru eða þjónustu sérstaklega. Í þáttum FM95BLÖ ræddu þáttastjórnendur sérstaklega um vörur frá LOOP, sem

² <https://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/leit/kennitala/4108190900>, sótt 23. júní 2026.

³ [Umsögn Duflands ehf. á vef Alþingis um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld o.fl. \(nýsköpun, virðisaukaskattur o.fl.\)](#), bls. 1, og [umsögn Duflands ehf. í samráðsgátt stjórnvalda um drög að frumvarpi til breytinga á lögum nr. 87/2018](#), bls. 1.

⁴ <https://www.dufland.is/is/vorumerkin>, sótt 7. ágúst 2026.

⁵ <https://www.dufland.is/is/store>, sótt 7. ágúst 2026.



FJÖLMIÐLANEFND

Dufland ehf. flytur inn, hvar þær væru fáanlegar og að hægt væri að fá vörurnar sendar heim með afslætti.

5.

Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Fjölmiðlanefndar að Sýn hafi brotið gegn 3. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla um kostun hljóð- og myndefnis með miðlun kostaðs efnis þar sem vörur kostenda voru auglýstar sérstaklega, þ.e. Tuborg Classic og LOOP Zero, í tengslum við þættina FM95BLÖ á FM957. Með því að auglýsa Tuborg Classic hafi Sýn jafnframt gerst brotlegt við 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi. Það er einnig niðurstaða Fjölmiðlanefndar að Sýn hafi brotið gegn 6. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla með því að afla kostunar frá Duflandi ehf. vegna þáttanna FM95BLÖ en fyrirtækið hefur að mati Fjölmiðlanefndar að aðalstarfsemi sölu eða framleiðslu á tóbaksvörum, nikótínvörum, rafrettum eða áfyllingum.

Samkvæmt o-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla leggur Fjölmiðlanefnd stjórnvaldssektir á fjölmiðlaveitur vegna brota á ákvæðum í VI. kafla laga um fjölmiðla, þar með talið 4. mgr. 37. gr., 3. mgr. 42. gr. og 6. mgr. 42. gr. Með fjölmiðlaveitu er átt við einstakling eða lögaðila sem starfrækir fjölmiðil, sbr. 14. tölul. 2. gr. laga um fjölmiðla. Samkvæmt 4. mgr. 55. gr. laganna verður stjórnvaldssektum beitt óháð því hvort brot eru framin af ásetningi eða gáleysi. Samkvæmt 5. mgr. 54. gr. laganna geta sektir numið allt að 10 millj. kr. Við ákvörðun sektar skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots og tekna fjölmiðlaveitu af broti þegar það á við. Falla má frá sektarákvörðun teljist brot óverulegt eða af öðrum ástæðum er ekki talin þörf á beitingu sekta, sbr. 1. málsl. 6. mgr. 54. gr. Í slíku tilviki er Fjölmiðlanefnd heimilt að ljúka málsmeðferð með útgáfu álits sem birt er á heimasíðu hennar. Brot gegn ákvæðum 4. mgr. 37. gr., 3. mgr. 42. gr. og 6. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla geta einnig varðað refsingu samkvæmt o-lið 1. mgr. 56. gr. laganna ef sakir eru miklar.

Með vísan til framangreindrar niðurstöðu hefur Fjölmiðlanefnd ákveðið að leggja stjórnvaldssekt á Sýn í samræmi við o-lið 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla. Telur Fjölmiðlanefnd hæfilegt að sektin nemi 2.000.000 kr. Við ákvörðun sektarfjárhæðar var tekið mið af því að Sýn hefur margítrekað brotið gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla um bann við viðskiptaboðum fyrir áfengi og 3. mgr. 42. gr. sömu laga. Jafnframt var litið til þess Sýn hefur ekki áður brotið gegn 6. mgr. 42. gr. laga um fjölmiðla, eðlis brotanna og atvika máls að öðru leyti.



FJÖLMÍÐLANEFND

IV. Ákvörðunarorð

Í tengslum við þættina FM95BLÖ á FM957 í ágúst, september og október 2025 braut Sýn hf. gegn 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla nr. 38/2011 með miðlun viðskiptaboða fyrir áfengistegundina Tuborg Classic, 3. mgr. 42. gr. sömu laga með miðlun kostaðs efnis sem fól í sér hvatningu til kaupa á vörum frá Duflandi ehf., Keiluhöllinni og Ölgerðinni, og 6. mgr. 42. gr. laga sömu laga með því að afla kostunar frá Duflandi ehf. sem hefur að aðalstarfsemi sölu eða framleiðslu á tóbaksvörum, nikótínvörum, rafrettum eða áfyllingum.

Sýn hf. greiði 2.000.000 kr. í stjórnvaldssekt.

Einar Hugi Bjarnason

María Rún Bjarnadóttir

Erla Skúladóttir

Róbert H. Haraldsson